

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga.

Flm.: Drífa Sigfúsdóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir,
Guðmundur Hallvarðsson, Jón Kristjánsson, Magnús Stefánsson,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ísólfur Gylfi Pálmason, Ásta Möller,
Sigríður Jóhannesdóttir, Ólafur Örn Haraldsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga, hagfræðinga eða nota heiti sem felur í sér orðin viðskiptafræðingur eða hagfræðingur hafa þeir menn hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi viðskiptaráðherra. Þeir sem lokið hafa BS- eða cand. oecon.-prófi úr viðskiptadeild eða BS-prófi úr hagfræðideild viðurkennds íslensks háskóla, sbr. lög nr. 136/1997, um háskóla, og uppfylla skilyrði reglugerðar skv. 3. gr. laga þessara um innihald náms þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra.

2. gr.

3. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Áður en leyfi er veitt skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal leita álits þriggja manna nefndar sem ráðherra skipar á eftirfarandi hátt: Einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og tveir samkvæmt tilnefningu ráðherra og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 3. gr. laganna og orðast svo:

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um lágmarkskröfur um námslengd og samsetningu prófgráðu sem veitir mönnum rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

Umboð nefndar sem menntamálaráðherra hefur skipað skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981, frá 1. október 2000 til 1. október 2001, fellur niður við gildistöku laga þessara. Frá sama tíma skal viðskiptaráðherra skipa í nefnd skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 27/1981.

Greinargerð.

Á síðustu árum hefur aukist verulega framboð viðskiptamenntunar á háskólastigi um leið og háskólum hefur fjölgað. Vegna þessa er mikilvægt að endurskoða eldri lög sem ekki gerðu ráð fyrir þessari þróun.

Í lögum nr. 27/1981, um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, kemur m.a. fram að aðeins þeir nemendur sem lokið hafa prófi úr viðskiptadeild Háskóla Íslands fá sjálfkrafa leyfi til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga. Nemendur úr öðrum skólum þurfa hins vegar leyfi menntamálaráðherra. Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að rétt til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga hafi þeir menn hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi viðskiptaráðherra. Lagt er til að leyfisveiting til að kalla sig viðskiptafræðing eða hagfræðing verði flutt frá menntamálaráðuneyti til viðskiptaráðuneytis. Það er að ýmsu leyti eðlilegra að annað ráðuneyti en það sem eftirlit hefur með háskólum veiti slíkt leyfi og í þessu tilfalli liggur beint við að fela viðskiptaráðuneytinu verkefnið. Viðskiptaráðuneyti veitir t.d. verkfræðingum leyfi til að kalla sig verkfræðinga og sama á t.d. við um arkitekta, skipulagsfræðinga og tæknifræðinga. Þeir sem þurfa ekki slíkt leyfi ráðherra samkvæmt 1. gr. frumvarpsins eru hins vegar menn sem lokið hafa BS- eða cand. oecon.-prófi úr viðskiptadeild eða BS-prófi úr hagfræðideild viðurkennds íslensks háskóla, sbr. lög nr. 136/1997, um háskóla, og uppfylla skilyrði reglugerðar skv. 3. gr. laganna um innihald náms.

Aðrir háskólar sem bjóða upp á sambærilegt nám í viðskiptafræðum og Háskóli Íslands eru Viðskiptaháskólinn á Bifröst, Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Akureyri. Nemendur úr þessum skólum njóta ekki sama réttar og nemendur úr Háskóla Íslands til að kalla sig viðskiptafræðinga. Út frá jafnræðissjónarmiði er eðlilegt að allir nemendur sem ljúka sambærilegu námi njóti sömu réttinda að námi loknu. Til að leiðrétta þennan mismun er nauðsynlegt að breyta lögum nr. 27/1981.

Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. núgildandi laga tilnefni Háskóli Íslands einn nefndarmann. Með hliðsjón af því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að aðrir en nemendur Háskóla Íslands megi kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga þykir eðlilegt að binda ákvæðið ekki við tilnefningu eins háskóla.

Í lögum um háskóla, nr. 136/1997, er m.a. fjallað um hlutverk háskóla og eftirlitsskyldu menntamálaráðherra með þeim. Þar er einnig kveðið á um að menntamálaráðherra setji almennar reglur, m.a. um það með hvaða hætti hver háskóli skuli uppfylla skyldur sínar um eftirlit með gæðum kennslunnar, hæfni kennara og hvernig ytra gæðaeftirliti skuli hátað. Í lögum er einnig kveðið á um rannsóknarhlutverk, inntökuskilyrði, hæfni kennara og fjárveitingar. Þá segir í 3. mgr. 9. gr. laganna að menntamálaráðherra skuli gefa út skrá um viðurkenndar prófgráður og inntak þeirra. Að mati flutningsmanna er þó þörf á ítarlegri skilgreiningu á rétti manna til að kalla sig viðskiptafræðinga eða hagfræðinga, sbr. tillögu í frumvarpinu að nýrri 3. gr. um að viðskiptaráðherra skuli setja nánari reglur þess efnis.

Með því að Alþingi hefur skilgreint hlutverk háskóla, sem og menntamálaráðherra á ítarlegan hátt, er eðlilegt að nemendur með sambærilega menntun hljóti sambærileg réttindi í samræmi við próf sín. Á síðustu árum hefur námsframboð aukist verulega og miðað við þróun erlendis má gera ráð fyrir aukinni fjölbreytni námsframboðs. Því er með frumvarpinu gerð tillaga um nýja 3. gr. þar sem kveðið er á um að viðskiptaráðherra skuli setja reglugerð um innihald prófgráðu sem veitir mönnum rétt til að kalla sig viðskiptafræðing eða hag-

fræðing. Í reglugerðinni skal kveðið á um lágmarkskröfur um námslengd og vægi kjarna-greina og valkvæðra greina, þar á meðal hve stór hluti náms getur verið valkvæður. Slík reglugerð myndar staðal við mat á prófgráðum, innlendum sem erlendum þannig að allir njóti jafnræðis.

Lagt er til að lögin taki gildi 1. júní 2001 þannig að þeir nemendur sem ljúka framan-greindum prófgráðum í vor úr öðrum háskólum en Háskóla Íslands geti öðlast réttindi til jafns við nemendur í Háskóla Íslands.

Í ákvæði til bráðabirgða er kveðið á um að umboð þeirrar nefndar sem menntamála-ráðherra hefur skipað skv. 3. mgr. 2. gr. gildandi laga falli niður við gildistöku þessara laga og að frá sama tíma skuli viðskiptaráðherra skipa að nýju í nefndina.